

Getur vont versnað?

Eftir Kristínu Heimisdóttur

Nokkuð hefur verið rætt um samninga við tannlækna og endurgreiðslu tannlækna-reikninga undanfarið. Velferðarráðherra hefur lýst vilja til að semja við tannlækna, þannig að öll börn geti notið verulegrar endurgreiðslu vegna tannlæknaþjónustu. Að gefnu tilefni verður þó að útskýra hvernig málin standa og af hverju slitnað hefur upp úr samninga-viðræðum.

Forsagan

Endurgreiðsla fyrir unnin tannlæknisverk er skv. svokallaðri ráðherragjaldskrá, en það er einhliða endurgreiðslugjaldskrá Sjúkra-trygginga Íslands (SÍ). Tilvist þeirrar endurgreiðslugjaldskrár kemur til vegna samningsleysis við tannlækna. Samkeppnislög banna tannlæknum að hafa samræmda gjaldskrá og fast samræmt verð fyrir hvert tannlæknisverk, en einnig hafa samskipti yfirvalda og tannlækna ekki einkennst af ástum samlyndra hjóna síðastliðinn áratug.

Eftir undirritun samnings 1. janúar 2003 stóð TR (nú SÍ) ekki við hækkunir á endurgreiðslu, lækkaði endurgreiðsluna fyrir sumar aðgerðir og setti takmarkanir á notkun annarra. Tannlæknum mislíkaði þessar einhliða breytingar og sögðu samningnum upp. Samningurinn rann þá út hinn 1. okt. 2003, eftir að hafa verið í gildi í 10 mánuði. Síðan hefur verið samningslaust.

Ráðherra ákveður endurgreiðslugjaldskrána einhliða og getur breytt henni að vild hvenær sem er, skv. 38. gr. laga um Sjúkratr. nr. 112/2008. Tannlækna hafa ekkert um skrána að segja, hvorki aðgerðarliði, skýringar né upphæðir. Endurgreiðsluskráin hækkaði um 4% hinn 1. nóvember 2004 og hefur ekki breyst síðan. Bilið milli raunvirðis þjónustunnar og endurgreiðslu SÍ eykst eftir því sem verðlag hækkar á Íslandi. Tryggingabegar greiða nú æ stærrí hluta þjónustunnar úr eigin vasa.

Á hverju ári ákveða þingmenn á



Kristín Heimisdóttir

Alþingi með fjárlögum hversu miklum fjármunum skuli verja til tannheilsamála á Íslandi. Síðustu ár hefur verið verulegur afgangur af þessum fjármunum og hafa þeir fjármunir verið notaðir til að greiða niður hallarekstur SÍ á öðrum sviðum en tannlækningum í stað þess að hækka endurgreiðslugjaldskrána.

Afleiðingin er sú að minna fæst endurgreitt af útlögðum tannlækna-kostnaði. Það eru þó ekki tannlækna, sem fá minna greitt, heldur tryggingabegar – forráðamenn barna og unglunga, aldráðir og öryrkjar.

Skilningur stjórnvalda

Velferðarráðherra hefur greinilega ekki skilið um hvað málið snýst. Umræður á Alþingi sl. vor varðandi átaksverkefni heilbrigðisráðuneytis, afhjúpuðu hve illa ráðherra var að sér um málefni tannlækninga barna á Íslandi. Það var ótrúlegt hvernig velferðarráðherra, sem talinn er ljúfmenni og mannasættir, fór úr jafnvægi. Velferðarráðherra sagði orðrétt: „Hæstvirtur forseti. Ég ætla að byrja á að segja að ég er orðinn þreyttur á því þegar menn nota börn endalaust til að berjast fyrir hagsmunum og kjarabaráttu einstakra starfsstétta.“

Um þetta vil ég segja að tannlækna nota sér ekki börn. Tannlækna eru ekki í kjarabaráttu. Ríkið er ekki að borga tannlæknum neitt. Það eru peningar skattgreiðenda og skjólstæðinga SÍ, sem um er að tefla. Notendur tannlæknaþjónustu greiða sundurliðaða reikninga á stofu tannlækna að lokinni meðferð og sumir fá svo kostnaðinn endurgreiddan að hluta, eftir því sem reglur segja til um. Endurgreiðslugjaldskrá ráðherra segir til um hversu mikið þjónustubegar fá endurgreitt – þar hafa tannlækna ekkert um málið að segja.

Hlutverk tannlækna

Margir tannlækna hafa furðað sig á því af hverju Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) sé yfirhöfuð að eyða tíma í samningaviðræður við yf-

» Skerðing á þessum fjármunum jafngildir viljayfirlýsingu velferðarráðherra um óbreytt eða verra ástand í tannheilsu-málum Íslendinga.

irvöld fyrir hönd þeirra sem tryggðir eru af SÍ. Það er vissulega hægt að nýta tímann til skemmtilegrí hluta. Kannski væri nær að samtök foreldra, öryrkja og aldráðra beittu sér í þessum málum. Tannlækna eru hins vegar ábyrgir fagmenn og bera hag sjúklinga sinna fyrir brjósti. TFÍ áltur það hlutverk sitt að leiðbeina stjórnvöldum á faglegan hátt um hvernig það skattfé, sem veitt er til tannlækninga geti nýst sem best.

Lausnir

Það hefur löngum verið talið heillavænlegra að leita lausna en að einblína stöðugt í neikvæðni á vandamálin. Stjórn TFÍ skipaði starfshóp á árinu 2010 til að koma með tillögur til lausna á helstu vandamálum varðandi tannheilsu íslensku þjóðarinnar.

Það er lágmarkskrafta að þeir fjármunir sem Alþingi Íslendinga ætlar í málaflökkinn, fari til þeirra sem þjónustunnar njóta, þ.e. til forráðamanna barna og unglunga, öryrkja og aldráðra. Með einu pennastriki getur velferðarráðherra hækkað endurgreiðslugjaldskrána. Framlag ríkisins til forvarnartannlækninga barna og unglunga til 18 ára aldurs þyrfti ekki að vera hærra en niðurgreiðsla ríkisins á einu algengu ofvirkniyfí eða meðhöndlun 5 alnæmissjúklinga, svo allir gætu fengið notið verulegrar eða fullrar endurgreiðslu. Með þessari samlíkingu er ekki verið að draga úr vægi lyfja eða ákveðinna læknismeðferða – hér er einungis verið að setja hlutina í fjárhagslegt samhengi. Skerðing á þessum fjármunum jafngildir viljayfirlýsingu velferðarráðherra um óbreytt eða verra ástand í tannheilsu-málum Íslendinga. En lengi getur vont versnað.

Höfundur er tannlæknir og situr í stjórn Tannlæknafélags Íslands.